

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 28/2019

2020/EES/48/28

frá 8. febrúar 2019

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2321 frá 19. desember 2016 um snið vottorðs um tiltækileika til endurvinnslu sem gefið er út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2322 frá 19. desember 2016 um snið yfirlýsingar um verklok endurvinnslu skipa sem krafist er samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323 frá 19. desember 2016 um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2324 frá 19. desember 2016 um snið tilkynningar um áætlað upphaf endurvinnslu skipa sem krafist er samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2325 frá 19. desember 2016 um snið vottorðs um birgðaskrá yfir hættuleg efni sem gefið er út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/684 frá 4. maí 2018 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 til að uppfæra Evrópuskrána yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 ⁽⁶⁾.
- 7) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 32fha (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2398) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„32fhb. **32016 D 2321**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2321 frá 19. desember 2016 um snið vottorðs um tiltækileika til endurvinnslu sem gefið er út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa (Stjtið. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 112).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 112.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 117.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 119.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 129.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 131.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 116, 7.5.2018, bls. 47.

- 32fhc. **32016 D 2322:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2322 frá 19. desember 2016 um snið yfirlýsingar um verklok endurvinnslu skipa sem krafist er samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa (Stjttíð. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 117).
- 32fhd. **32016 D 2323:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323 frá 19. desember 2016 um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa (Stjttíð. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 119), breytt með:
- **32018 D 0684:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/684 frá 4. maí 2018 (Stjttíð. ESB L 116, 7.5.2018, bls. 47).
- 32fhe. **32016 D 2324:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2324 frá 19. desember 2016 um snið tilkynningar um áætlað upphaf endurvinnslu skipa sem krafist er samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa (Stjttíð. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 129).
- 32fhf. **32016 D 2325:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2325 frá 19. desember 2016 um snið vottorðs um birgðaskrá yfir hættuleg efni sem gefið er út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa (Stjttíð. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 131).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2015/2321, (ESB) 2015/2322, (ESB) 2015/2323, (ESB) 2015/2324, (ESB) 2015/2325 og (ESB) 2015/684, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. febrúar 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.